



126. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn, 21. júní, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Rekstraraðilar upplýsingamiðstöðvar í Brautarhvammi mæta til viðræðna.
2. Bréf frá Byggðastofnun vegna byggðaáætlunar 2002-2005.
3. Bréf frá sjávarútvegsráðuneyti.
4. Erindi frá skólastjóra vegna kennslumagns næsta skólaár.
5. Bréf frá ÍSÍ.
6. Bréf frá Embætti Yfirdýralæknis.
7. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
8. Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Rekstraraðilar upplýsingamiðstöðvar í Brautarhvammi mæta til viðræðna.**
Mættir eru Ólafur Wernersson og Holgeir Clausen frá Glæðheimum ehf. Farið var yfir samstarf sveitarfélagsins og fyrirtækisins varðandi rekstur upplýsingamiðstöðvar og tjaldsvæðis. Umræður urðu miklar um hin ýmsu málefni. Viku þeir af fundi að loknum þessum lið kl. 18:45.
2. **Bréf frá Byggðastofnun vegna byggðaáætlunar 2002-2005.**
Óskað er eftir álitni á hvernig til hafi tekist með framkvæmd áætlunarinnar. Bæjarráð óskar eftir að sveitarfélög á Norðurlandi vestra vinni sameiginlega að greinargerð um málið og vísar erindinu til nánari vinnslu til SSNV- atvinnuráðgjafar. Bæjarstjóri verði tengiliður sveitarfélagsins vegna greinargerðarinnar til Byggðastofnunar.
3. **Bréf frá sjávarútvegsráðuneyti.**
Með tilkynningu dags. 7. júní 2005 er sveitarstjórnunum gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta á grundvelli 2. tl. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 7. júlí nk. og er bæjarstjóra falið að undirbúa umsókn til ráðuneytisins.
4. **Erindi frá skólastjóra vegna kennslumagns næsta skólaár.**
Sótt er um 406 kennslustundir fyrir almenna kennslu, sérkennslu og bókasafn sem er sama kennslumagn og síðasta skólaár.

Bæjarráð samþykkir erindið.
5. **Bréf frá ÍSÍ.**
Í erindi ÍSÍ er óskað eftir upplýsingum um aðila sem sinna málefnum eldri borgara ásamt upplýsingum um hvað gert er í þessum málaflokki fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.
6. **Bréf frá Embætti Yfirdýralæknis.**
Fram lagt til kynningar erindi dags. 9. júní 2005 þar sem skýrðar eru verklagsreglur varðandi meðferð mála við grun um illa meðferð dýra.



Erindu er vísað til kynningar í landbúnaðarnefnd.

7. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður hefur fallist á tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um skiptingu 200 m kr. aukaframlags til sveitarfélaga er eiga í sérstökum fjárhagsvanda, sbr. 3. gr. reglna nr. 1021 frá 16. desember 2004.

Framlag Blönduóssbæjar nemur kr. 7.640.302,- og er vísað til samnings bæjarstjórnar Blönduóssbæjar við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, frá 9. maí 2005 um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit.

8. Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Fram lagt til kynningar samkomulag um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi sem samband íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytið gerðu í október á sl. ári.

9. Önnur mál.

a. Fulltrúar Norðuróss ehf. og Hafrúnar ehf. mæta til viðræðna.

Mættir eru f.h. Norðuróss ehf., Sæmundur Gunnarsson og Kári Kárasón, f.h. Hafrúnar ehf. til að kynna hugmyndir og markmið með sameiginlegu fyrirtæki í sjávarútvegi. Kynntu þeir hugmyndir um sameiginlega vinnslu og svöruðu spurningum fundarmanna.

Viku þeir af fundi að loknum þessum lið.

b. Vinnuferli vegna staðarvals veiðihúss Blöndu-Svartár.

Lögð var fram svohljóðandi sameiginleg bókun bæjarráðs:

“Bæjarráð Blönduóssbæjar átelur vinnuferlið sem viðhaft hefur verið í tengslum við staðsetningu veiðihúss Veiðifélags Blöndu og Svartár og telur það með öllu óásættanlegt. Í bréfi til stjórnar Veiðifélagsins, dags. 23. maí 2005, lýsti bæjarstjórn sig formlega reiðubúna að útvega lóð fyrir veiðihús í nágrenni við veiðisvæði 1 í Blöndu og að staðsetja húsið í samvinnu við stjórn Veiðifélagsins. Því miður hefur stjórnin ekki séð ástæðu til að svara erindi bæjarstjórnar og verða það að teljast ámælisverð vinnubrögð.

Bæjarráð telur að vinnubrögð vegna staðarvals fyrir veiðihús Veiðifélags Blöndu og Svartár hafi verið ófagleg. Kynningargögn og undirbúningur fyrir þessa miklu fjárfestingu er afar ábótavant og rötuðu þau gögn reyndar ekki í hendur félagsmanna fyrr en á fundi þar sem staðsetning var ákveðin. Bæjarráð álitur allan undirbúning málsins sem og afgreiðslu þess óásættanlega. Hér með er skorað á stjórn Veiðifélags Blöndu-Svartár að ákvörðun um staðarval verði endurskoðuð og að fyrir liggi fagleg greinargerð um málið enda hlýtur það að vera lágmarkskrafa þegar um hundruðir milljóna króna fjárfestingu er að ræða”.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)